



STARFSMAANAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRETTABRÉF

5. tbl. 42. árg. nóv. 2007



- **Kjarakönnun - kynbundinn launamunur**
- **Nýtt fulltrúaráð**
- **Breyting á kjarasamningi**
- **Uppskriftir frá Póllandi**

Leiðari



AF HVERJU FÆST EKKI FÓLK TIL STARFA -

Það er mikið talað um erfiðleika að fá fólk til starfa í mennta- og umönnunarstörfum hjá Reykjavíkurborg og fólk spyr sig, hvers vegna það gerist á hverju hausti að það vantar fólk til starfa í grunn- og leikskólum, frístundaheimilum og víðar þar sem verið er að annast fólk. Þetta er auðvitað spurning sem er eðlilegt og sjálfsgagt að velja fyrir sér. Ein af ástæðunum og væntanlega sú veigamesta eru launin.

En það er ekki eingöngu um fólksflóttu úr þessum störfum að ræða, hann er að

finna í mjög mörgum störfum hjá borginni. Sá ágæti kjarasamningur sem gerður var í lok árs 2005 lagfærði ýmislegt, en í framhaldi af því gerði borgin og fyrirtæki hennar ýmsar breytingar sem urðu til launalækkunar hjá starfsfólki og til sparnaðar fyrir vinnuveitendur. Síðan kom það til viðbótar að opinber fyrirtæki og stofnanir hafa ekki haldið í við launaskriðið sem hefur verið á almenna vinnumarkaðnum. Þetta er ástæða þess að fólk helst illa í ofangreindum störfum og erfitt reynist að ráða nýtt fólk til starfa.

Því er það áleitinn spurning hvort langir kjarasamningar séu ákjósanlegir hjá hinu opinbera.

Þótt hér sé Reykjavíkurborg nefnd, þá á þetta ekki síður við hjá félagsmönnum okkar sem vinna hjá opinberum fyrirtækjum og stofnunum á Akranesi.

SAMSKIPTI

Það hefur borist til eyrna stjórnar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar að einstakir yfirmenn Reykjavíkurborgar segi gjarnan við félagsmenn að launin séu ekki hærrí en raun ber vitni vegna þess hvað þeir séu í lélegu stéttarfélagi og í framhaldi af því sé gjarnan vitnað í

það að starfsmatið ákvarði launin.

Stjórn félagsins mótmælir því að einstakir stjórnendur séu með slíkar yfirlýsingar, það þarf tvo til í samningum og ég fullyrði að félagið hefur aldrei staðið í vegi fyrir hækkunum.

Starfsmat er leið til þess að meta innbyrðis röðun starfa til launa en það er ekki rétt að starfsmatið ákvarði laun, það er gert í kjarasamningum. Í síðustu kjarasamningum, (október 2005) var það mat samninganefndar og félagsmanna að félagið hefði náð ásættanlegum árangri. Mörgum þótti þó nóg um þær hækkningar, og ýmsir aðilar tjáðu sig um það í fjölmiðlum og sáu ofsónum yfir þeim kjarabótum sem síðustu kjarasamningar félagsins gáfu félagsmönnum sem vinna hjá Reykjavíkurborg og nokkrum fyrirtækjum hennar.

Forstöðumenn og stjórnendur hafa mikið um það að segja hvaða starfskröfur eru gerðar til starfsmanna, og að þær kröfur komi skilmerkilega fram í starfslýsingu starfanna. Þyki stjórnendum hins vegar launin óásættanleg fyrir starfsmenn væri eðlilegra að þeir leituðu í sinn rann um það að geta til dæmis nýtt betur hæfnislaun til starfsmanna sem er hluti af kjarasamningi. Það sætir einnig furðu að enginn forstöðumaður stofnunar hefur leitað eftir því að nýta svokölluð árangurslaun (gr. 1.3.2.4 í

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339
strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Ingi

Hilmarsson og Dagný Guðmundsdóttir

Umbrot: Hjá OSS ehf.

Prófarkalestur: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Hjá OSS ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir Skúli Sverrisson

Aðrar myndir: Jakobína Þórðardóttir, ofl.

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen, fjármálastjóri
Garðar Hilmarsson starfandi form.
Gunnar Ingi Jónsson, verkefnisstj.
Jakobína Þórðardóttir,
fræðslu- og upplýsingafulltrúi
Sjöfn Ingólfsdóttir, verkefnisstjóri

asaclausen@strv.bsrb.is
gardar@strv.bsrb.is
gunnaringi@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is
sjofn@strv.bsrb.is

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður
Guðríður Sigurbjörnsdóttir
Guðrún Árnadóttir
Hallgerður Inga Gestsdóttir
Jakobína Þórðardóttir - varaform.
Jón Ingi Hilmarsson - ritari
Jónas Engilbertsson
Ragnhildur Helgadóttir
Vígundur Rúnar Jónsson - gjaldkeri
Þóra Sigurðardóttir
Þórdís Sigurðardóttir

gardar@strv.bsrb.is
gudridur@borgarbokasafn.is
gudrunam@fel.rvk.is
hallgerdur.inga.gestsdottir@reykjavik.is
jakobina@strv.bsrb.is
jhilmars@landspitali.is
holaberg@talnet.is
raggah@itr.is
viglundur.runar.jonsson@or.is
thoras@rvk.is
tordisey@itr.is

kjarasamningi) í öllum þeim breytingar- og átaksverkefnum sem hafa verið á döfnni síðastliðinn áratug hjá Reykjavíkurborg.

Í viðamikilli viðhorfskönnun sem félagið hefur nýlega látið gera meðal félagsmanna kemur fram að það ríkir mikil virðing og traust gagnvart starfs-

mannafélaginu. Það er því leitt að einstaka stjórnandi skuli reyna að grafa undan því trausti sem félagsmenn hafa gagnvart sínu stéttarfélagi með dylgjum og sleggjudómum.

Síðastliðin 80 ár hefur Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar átt mjög gott samstarf og samskipti við stjórnendur

og embættismenn borgarinnar þegar á heildina er litið, og er það von okkar að svo megi vera áfram.

*Gardar Hilmarsson
formaður St.Rv.*

Breyting á kjarasamningi við Reykjavíkurborg

Í kjölfar þess að nýr meirihluti komst til valda hjá Reykjavíkurborg var gerð breyting á kjarasamningi. Auk þess voru ýmis hlunnindi sem starfsmenn Reykjavíkurborgar höfðu haft á sumum vinnustöðum, en ekki öðrum, jöfnuð. En allir starfsmenn Reykjavíkurborgar eiga að hafa fengið bréf þar sem þessar breytingar eru útskýrðar.

Á fundi starfskjaranefndar Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var gengið frá breytingu á grein 1.3.2.2 í kjarasamningi sem fjallar um launaflokka vegna starfsþróunar samkvæmt símenntunaráætlunum stofnunar.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða réttindi sín með tilliti til þessarar breytingar á kjarasamningnum.

Samþykktin og þar með ný útgáfa viðkomandi greinar er hér:

Mat á starfsaldri hjá öðrum vinnuveitanda, sbr. gr. 1.3.2.

Grein 1.3.2.2 orðist svo:

Launaflokkar vegna starfsþróunar samkvæmt símenntunaráætlun stofnunar. Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmaður, sem tekur virkan þátt í símenntunaráætlun, á rétt á hærri launum en ella. Forsenda launaflokkahækkunar þessarar er staðfest þátttaka starfsmanns í símenntunaráætlun stofnunar/fyrirtækis. Þessi laun geta breyst. Launaflokkar samkvæmt ofangreindu geta verið alls sex skv. eftirfarandi:

Eftir 1 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg.
Eftir 3 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg.
Eftir 5 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg.
Eftir 7 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg.
Eftir 9 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg.
Eftir 12 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg.

Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Röðun einum launaflokk ofar en ella.

Þá skal einnig meta starfstíma starfsmanns sem starfað hefur í sambærilegu starfi á föstu mánaðarkaupi hjá öðru sveitarfélagi eða ríki enda liggja staðfesting fyrir vinnuveitanda fyrir. Þetta ákvæði tekur gildi hinn 1. nóvember 2007.

Hafi starfsmaður fengið launaflokk/a vegna virkrar þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar en sinnir ekki lengur þeirri skyldu án lögmætra forfalla missir hann þann/þá launaflokk/a er hann hefur fengið. Áður en til þess getur komið ber yfirmanni að greina starfsmanni frá að hann muni missa þennan rétt ef hann bæti ekki virkni sína skv. símenntunaráætlun og ber að útskýra fyrir starfsmanni hvernig hann getur bætt sig. Starfsmaður getur óskað eftir að trúnaðarmaður sé viðstaddur slíkt samtal.

Þetta ákvæði tekur gildi 1. nóvember 2007.

Til skýringar: þá fær starfsmaður metinn starfsaldur frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.



Fulltrúar St.Rv. í Starfskjaranefnd

Ályktun stjórnar BSRB- Borgaryfirvöld ógildi samninga REI og GGE

Stjórn BSRB skorar á borgaryfirvöld í Reykjavík að ógilda þegar í stað samninga um sameiningu REI og GGE enda ekki rétt að þeim staðið. Auk þess krefst stjórn samtakanna þess að hætt verði við áform um hlutafélagavæðingu Orkuveitu Reykjavíkur og kallar eftir breytingum á lögum sem komi í veg fyrir að einkaaðilar eignist náttúruauðlindir. Þetta er meðal þess sem fram kemur í ályktun sem stjórn BSRB sendi frá sér í dag.

Ályktun stjórnar BSRB vegna málefna Orkuveitu Reykjavíkur, REI/GGE og Hitaveitu Suðurnesja.

Nokkur áhersluatriði úr ályktun stjórnar BSRB:

* Stjórn BSRB lýsir andstöðu við einkavæðingu innan orkugeirans, hvort sem er með óbeinum hætti innan OR með gerð einkaleyfissamnings til 20 ára til handa Reykjavík Energy Invest/Geysir Green Energy (REI/GGE) eða með sölu til einkaaðila á hlut ríkis og sveitarfélaga í orkufyrirtækjum sem veita grunnþjónustu á sviði rafmagns, vatnsveitu og hitaveitu.

* Stjórn BSRB krefst að gerðar verði þær breytingar á lögum sem komi í veg fyrir að einkaaðilar eignist náttúruauðlindir.

* Stjórn BSRB krefst þess að hætt verði við áform um hlutafélagavæðingu OR, sem býður þessari hættu heim.

* Stjórn BSRB skorar á borgarstjórn og stjórn OR að ógilda þegar í stað samninga um sameiningu REI og GGE enda ekki rétt að þeim staðið.

* Stjórn BSRB varar við að sú framvinda mála sem orðið hefur innan OR og þær hræringar sem af henni hafa leitt á sviði stjórn mála, verði til þess að skyndiákvörðun verði tekin gegn útrásarmöguleikum dótturfyrirtækja í eigu OR.

* Stjórn BSRB krefst þess að fulltrúar starfsmanna fái setu í stjórnnum opinberra veitufyrirtækja

Stjórn BSRB vill að gefnu tilefni minna á mikilvægi þess að fylgt sé góðum stjórnsýsluháttum hjá opinberum fyrirtækjum og stofnunum þar sem gegnsæi, jafnræði og góð upplýsingagiöf er höfð í heiðri. Það er eðlileg lýðræðisleg krafa að allir kjörnir fulltrúar séu jafnan vel upplýstir um ráðagerðir sem eiga að leiða til gagnerra breytinga á stöðu og starfsemi opinberra stofnana og fyrirtækja. Óeðlilegt er með öllu að einstaka embættismenn og stjórnmalamenn fari á svig við gildandi stjórnsýslureglur og lýðræðisleg vinnubrögð og stilli þannig öðrum upp frammi fyrir orðnum hlut eins og sakir eru uppi um nú varðandi Orkuveitu Reykjavíkur. Þær meiriháttar breytingar sem tengjast málefnum hennar hefðu að sjálfsögðu átt að fá opna og ítarlega umfjöllun, ekki aðeins innan stjórnar OR heldur og innan borgarstjórnar Reykjavíkur og á vettvangi annarra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli. Án þess verða ákvarðanirnar hvorki taldar réttmætar né löglegar. Þá á almenningur skýlausan rétt og kröfu til lýðræðislegra og opinna vinnubragða af hendi kjörinna fulltrúa og embættismanna sem treyst hefur verið til þess að halda utan um samfélagslegar eignir borgaranna og gæta hagsmuna þeirra.

Stjórn BSRB lýsir andstöðu við einkavæðingu almannaþjónustu sem hér er í bígirð, hvort sem er með óbeinum hætti innan OR með gerð einkaleyfissamnings til 20 ára til handa Reykjavík Energy Invest/Geysir Green Energy (REI/GGE) eða með sölu til einkaaðila á hlut ríkis og sveitarfélaga í veitufyrirtækjum sem sinnt hafa



grundvallarþjónustu á sviði rafmagns, vatnsveitu og hitaveitu. Stjórn BSRB lýsir enn fremur fullri andstöðu við það sem nú blasir við að gerist - að sala á hlutabréfum í hlutafélagavæddum opinberum orkufyrirtækjum færi náttúruauðlindir í hendur einkafyrirtækja. Minnir BSRB á að sveitarfélögum var veittur einkaréttur til vatnsveitna, hitaveitna og rafveitna til að sinna grundvallarhagsmunum samfélagsins og hafa í því hlutverki fengið umráð yfir náttúruauðlindum.

Krefst stjórn BSRB þess að gerðar verði breytingar á lögum til að koma í veg fyrir slíka einkavæðingu almannaþjónustu og afhendingu sameiginlegra náttúruauðlinda til einkaaðila. Þá krefst stjórn BSRB þess að hætt verði við áform um hlutafélagavæðingu OR, sem býður þessari hættu heim. Enn fremur skorar stjórn BSRB á borgarstjórn og stjórn OR að samningar um sameiningu REI og GGE verði ógiltir sem allra fyrst enda ákvarðanaferlið allt sem til þeirra leiddi í andstöðu við góða stjórnsýsluhætti og reglur. Aðgerðaleysi má ekki verða til að festa í sessi umdeildar ráðstafanir á eignum OR og afdrifaríkar ákvarðanir um rekstrarform sem snerta bæði OR og Hitaveitu Suðurnesja.

Þá varar stjórn BSRB við að sú framvinda mála, sem orðið hefur innan OR og þær hræringar sem af henni hafa leitt á sviði stjórn mála, verði til þess að skyndiákvörðun verði tekin gegn útrásarmöguleikum dótturfyrirtækja í eigu OR. Bendir stjórn BSRB á að Sameinuðu þjóðirnar hvetja nú til samstarfs opinberra veitufyrirtækja, aðallega á sviði vatnsveitna, til að ná megi settum þúsaldarmarkmiðum SP sem flest ríki heims og Ísland þar á meðal hafa skuldbundið sig til að vinna að. Reynslan hefur sýnt að útrás einkafyrirtækja inn á svið samfélagsþjónustunnar hefur almennt haft neikvæðar afleiðingar í för með sér og þ.á m. verið mjög áberandi þegar neysluvatn og veitustarfsemi er annars vegar. Stjórn BSRB hvetur því til að opnir og gegnsær stjórnunarháttir verði eflir innan OR, sem og annarra opinberra fyrirtækja, að settum reglum verði fylgt, að fulltrúar starfsmanna fái setu í stjórnnum og að efnt verði til almennrar umræðu um eðli og tilgang útrásar íslenskra orkufyrirtækja. Allt yrðu þetta jákvæð skref í átt til enn betri samfélagslega rekinnar almannaþjónustu.

Athugasemd vegna ályktunar stjórnar BSRB vegna málefna OR, REI/GGE og Hitaveitu Suðurnesja

Stjórn BSRB sendir frá sér ályktun um ofangreind málefni og dregur saman á heimasíðu sinni nokkur áhersluatriði úr henni. Þetta er einnig birt á heimasíðu St.Rv. Undirritaður leyfir sér af þessu tilefni að vekja máls á eftirfarandi:

- BSRB lýsir yfir andstöðu við einkavæðingu orkugeirans og tengir það 20 ára samningi á milli OR annars vegar og REI/GGE hins vegar.

Þessir samningar höfðu ekkert með einkavæðingu að gera, heldur voru samningar um ákveðna sérfræðipjónustu sem OR skuldbatt sig til að selja REI/GGE þetta umrædda árabil. Auðvitað gat OR hafnað slíku, en þá var ekki um annað að ræða en REI/GGE keypti mannauðinn útúr OR, þar sem vitað er að innan 10 ára verður olnbogaráymi fyrir íslenska sérfræðipækkingu á sviði orkurannsókna mjög þrotið á Íslandi. Eina leiðin til að halda þessari þekkingu í samfélagslegri eigu var að gera slíka þjónustusamninga til að skapa vísindamönnum OR verkefni til framtíðar og tryggja jafnframt fyrirtækinu tekjur með sölu þessarar þekkingar. Er BSRB á móti því að halda mannauðinum þannig inni í OR og skapa eigendum hennar arð?

- Það er ekki nýtt að einkaaðilar eigi orkulindir á Íslandi.

Sjálfsgætt getur skapast stemmning fyrir því að þær skuli allar vera í þjóðareign, en þá þarf eflaust að kaupa þær upp. Er minni manna svo sljótt að enginn muni að orkulindir hafa margar hverjar verið keyptar af einstaklingum? Hvað með Svartsengi, Nesjavelli, Hellisheiði, Deildartunguhver? Þurfti samfélagið ekki að greiða einstaklingum fúlgur til að eignast þessar orkulindir? Var ekki verið að bjóða bændum í Þingeyjarsýslu 1,7 milljarð fyrir vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar? Málið er að einstaklingar hafa hingað til átt orkulindir, en ekki virkjað þær, væntanlega vegna þess að þá hefur almennt skort fjármagn til þess og vegna einkaleyfis opinberra aðila á raforkuframleiðslu í landinu.

- Hlutafélagavæðing er eflaust ekki nein allsherjarlausn í rekstri fyrirtækja.

Það form léttir hins vegar ábyrgðarskyldu af eigendum vegna skulda og skuldbindinga og er af mörgum talið þjálfa rekstrarform en sameignarfélag. Einnig vitna menn til EES reglna um samkeppnisrekstur í opinberri eigu. Sömu grundvallarlögmál gilda þó almennt um bæði rekstrarformin. Hlutafélagarform er ekki ótryggara form í sjálfu sér til að tryggja samfélagslega eigu. Slík eign verður aldrei tryggt með forminu einu saman, heldur verður ávallt viðfangsefni og ákvörðunarefni á hverjum tíma.

- Með ógildingu samninga um sameiningu REI og GGE getur skapast skaðabótaskylda á hendur þeim sem rifta samningunum.

Þó menn deili um hvort rétt hafi verið staðið að verki, er óumdeilt að samningar tókust og voru undirritaðir. Eignaraðilar REI geta með riftun orðið skaðabótaskyldir og þá munu sveitarsjóðir eignaraðila þurfa að greiða. Er það forgangsverkefni að efna til slíkra skaðabótakrafna?

- Eins og hér framar er nefnt er vísindamönnum á sviði orkurannsókna og orkunýtingar brátt þröngur stakkur skorinn varðandi innanlandsverkefni.

Því er nauðsynlegt að OR nýti sérfræðipækkingu sína á þessu sviði í verkefnum á erlendri grund. Útrásarmöguleikarnir eru miklir og geta skapað Íslendingum ófyrirsjáanlega möguleika á þessu sviði, ungir vísindamenn fá störf og þjóðin nýtir sérstöðu sína og þekkingu og aflar tekna. Mikilvægt er að umræða um þetta mál fari fram af yfirvegum og því er slæmt að forysta BSRB fari offari gegn þessum hagsmunum, enda heggur sá er hlífa skyldi, þar sem þarna er um að ræða fólk sem margt hvert er einmitt félagsmenn innan vébanda BSRB.

- BSRB er heildarsamtök opinberra starfsmanna á Íslandi.

Umræðan um opinberan rekstur hlýtur því eðli máls samkvæmt að vera þar mikil og eðlilegt og sjálfsgætt að félagsmenn verji réttindi sín og hagsmuni. Slík hagsmunavarsla má þó aldrei verða með þeim hætti að menn vilji reyna allt niður í klafa fortíðar og lokað sé augum fyrir nýjum leiðum. Opinber rekstur hefur lengi viðgengist og mun eflaust gera um langa framtíð. Hins vegar mun tilhneigingin líklega verða sú í framtíðinni að rekstrarformum verður blandað saman, þó eignarhaldið breytist ekki. Eignarhald er pólitískt viðfangsefni og um það munu menn deila enn um stundir.

Aðalatriði er jafnræði fólks til þjónustu og að réttur og jafnræði allra sé tryggður í því skyni.

- Hart er sótt að OR og þar hafa mörg miður viðurkvæmileg orð fallið.

Flestir starfsmenn fyrirtækisins eru félagsmenn í St.Rv. Það er því ekki skrytið að þeim finnist óþægilegt að samtök þeirra gangi með öðrum í fararbroddi í því að gera fyrirtækið tortryggilegt. Þegar starfsmönnum var gefinn kostur á að eignast lítinn hlut í REI var um 90% starfsmanna sem óskaði eftir því. Varla er hægt að fá betri staðfestingu á trausti starfsmanna á fyrirtækinu og stjórnendum þess.

Væri ekki rétt að St.Rv. og BSRB einbeittu sér að því að verja hagsmuni þessara félaga sinna í staðinn fyrir að fjalla um málefni vinnustaðar þeirra á ofangreindan hátt?

*31.10 Sveinn Kristínsson
Höfundur er starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur*

Sumarferð eftirlaunahóps St.Rv.



Þann 23. júní síðastliðinn var hin árlega sumarferð eftirlaunadeildar St.Rv. að þessu sinni var ferðinni heitið í Þórsmörk. Lagt var af stað frá Grettisgötu og haldið sem leið lá austur fyrir fjall og stoppað við Urriðafoss því enginn veit hvort hann verður þar næst. Þegar við eigum leið um þessar slóðir. Þórunn Þórðardóttir sem var leiðsögumaður okkar, eins og nokkur undanfarnir ár, miðlaði okkur af sinni alkunnu snilld um þennan fræga foss. Þaðan var ekið að Hvolsvelli og áð þar dágóða stund áður en stefnan var tekin á Þórsmörk. Húsadalur skartaði sínu fegursta þegar við komum, sól í heiði og ekki bærðist hár á höfði. Fólk settist að hádegisverði, sem hver og einn hafði komið með fyrir sig. Þórunn hafði tilkynnt komu okkar og fengið inni í skálanum, en eins og áður sagði var veðurbliðan slík að engin þörf var á húsaskjóli. Þarna dvöldum við í vellystingum fram eftir degi og nutum alls þess besta sem Þórsmörk hefur upp á að bjóða, kyrrðin og náttúruundrin ótrúleg á þessum stað og þar að auki 20 stiga hiti. Áður en við kvöddum Þórsmörk var ekið inn í Goðaland undir styrkri leiðsögn Þórunnar, en hún er ótrúlegur hafsjór af fróðleik. Á bakaleiðinni var ekið um Fljótshlíðina þar sem Þórunn tók við að fræða okkur um alla þá sögu sem

Fljótshlíðin hefur upp á að bjóða. Eftir stutt stopp á Hvolsvelli, var haldið aftur af stað og ferðinni heitið að Stokkseyri, en þar bauð St.Rv. hópnum að skoða Byggðasafn bæjarbúa sem flestir ferðalanganna nýttu sér, mjög gott Byggðasafn hjá Stokkseyringum. Að því loknu beið kvöldverður í Rauða húsinu á Eyrarbakka, maturinn mjög góður og ekki spillti fyrir að kokkurinn sem jafnframt er einn af eigendum staðarins, sagði okkur sögu hússins og aðdraganda þess að þarna var stofnað veitingahús. Óvænt og skemmtileg uppkoma var þegar formaður St.Rv. kom og heilsaði upp á hópinn og spjallaði við þessa hressu deild innan Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Klukkan var langt gengin í ellefu þegar þreyttir en ánægðir ferðalangar komu til byggða þetta hafði verið yndislegur dagur Landið okkar skartaði sínu fegursta í því líku dásemdardæðri og enn og aftur hafði Þórunn Þórðardóttir veitt okkur fróðlega leiðsögn um þær sveitir og staði sem við fórum um og ef ekkert var markvert að segja fengum við brandara, Þórunn er frábær leiðsögumaður og góður ferðafélagi. Hafi hún bestu þakkir fyrir.

Þórdís E. Sigurðardóttir



STYRKARSJÓÐUR BSRB

Endurbjálfun

Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til sjúkrabjálfunar, sjúkranuðs, nálastungumeðferðar, hnykkklækninga (kiropraktor), 1.000 kr. fyrir hvert skipti, allt að 25 skipti á ári. Einnig þjálfun hjá Hjarta-og lungnastöðinni eða sambærilegum stofnunum. Styrkur fyrir þessi tilfelli skal þó að hámarki vera 25.000 kr. á ári.

Flugávísanir með Iceland Express



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar náði fyrir á þessu ári afsláttarsamningi við Iceland Express um flugávísanir (gjafabréf) fyrir félagsmenn sína.

Flugávísanir þessar bjóðast nú aftur, verð til félagsmanna er kr. 11.000,- sem er 45% afsláttur af flugávísun (gjafabréfi) sem er að verðgildi kr. 20.000,-

Félagsmenn sem áhuga hafa á að nýta sér þetta afsláttartilboð þurfa að:

- * Sækja um á heimasíðu félagsins á þar til gerðu formi.
- * eða hringja á skrifstofu félagsins í síma 525-8330 milli kl. 9,00-16,00 og láta skrá sig
- * Senda fax í síma 525-8339

Upplýsingar sem þurfa að koma fram eru: Nafn, kt. Vinnustaður, símanúmer, heimilisfang, netfang

Í boði verða 200 flugávísanir og getur hver félagsmaður fengið mest tvær.

Verði umsóknir fleiri en þær flugávísanir sem í boði eru verður dregið úr umsóknum.

Þeir sem áður hafa fengið flugávísanir hjá félaginu eiga ekki möguleika á að sækja um nú.

Orlofssjóður áskilur sér rétt til að færa alla þá sem fengið hafa úthlutað flugávísunum inni orlofskerfi þó síðar verði.

Umsóknar frestur er til og með 4 des. n.k. Þann 7. des. verður sendur tölvupóstur á þá sem dregnir voru út og í honum munu koma fram upplýsingar varðandi greiðslu sem skal vera lokið 5 dögum eftir útsendingu tölvupósts, eða 12. desember.

Þeir sem sækja um símleiðis og fá úthlutun, munu fá sent bréf þar sem þeir munu fá ívið lengri greiðslufrest. Hafi greiðsla ekki borist fyrir réttan tíma verður flugávísunum endurúthlutað

Gildistími flugávísananna er 2 ár.

Hægt er að nota flugávísanirnar í allar ferðir Iceland Express og gildir einu hvort um venjulegt flug er að ræða eða sérstök tilboð.

ATHUGIÐ

Þeir umsækjendur sem ekki fá tilkynningu með tölvupósti eða bréfi fhafa því miður ekki haft heppnina með sér að þessu sinni.

Fræðsluvefur um lífeyrismál opnaður

Mánudaginn 29. október s.l. opnaði Árni Mathiesen, fjármálaráðherra, nýjan fræðsluvef Landssamtaka lífeyrissjóða um lífeyrismál. Vefslóðin er www.gottadvita.is Á heimasíðum flestra lífeyrissjóða er hnappur sem hægt er að smella á til að færast á fræðsluvefinn.

Vefurinn byggir á tveimur megin köflum.

Annars vegar er að finna mikilvægar spurningar og svör um lífeyrissjóðina og lífeyrisréttindi. Efnid byggir á upplýsingariti Landssamtaka lífeyrissjóða um lífeyrismál, Lífeyrissjóðurinn þinn, sem er ætlað að upplýsa sjóðfélaga lífeyrissjóða um réttindi þeirra og landsmenn almennt um lífeyrismál. Þessi kafli er einnig á dönsku, ensku og pólsku og er það gert vegna hinna fjölmörgu erlendu launamanna, sem vinna hér á landi og eignast lífeyrisréttindi í íslenskum lífeyrissjóðum.

Hins vegar eru spurningar og svör fyrir þá sem eru að hefja

störf á vinnumarkaði og byrja að greiða í lífeyrissjóð, en samkvæmt lögum eiga allir vinnandi menn á aldrinum 16 til 70 ára að greiða iðgjald í lífeyrissjóð. Í þessum kafla er hægt að fræðast um lífeyrisréttindi og um almennar ráðleggingar Landssamtaka lífeyrissjóða til nýrra sjóðfélaga.

Mikil vinna var lögð í uppsetningu vefsins með það að leiðarljósi að auðvelt væri að finna upplýsingar. Þannig eru t.d. öll svör tiltölulega stutt og hnitmiðuð. Meðal nýmæla er að kanna þekkingu sína um lífeyrismál og taka krossapróf. Ef öllum spurningunum er svarað rétt verður nafn viðkomandi skráð í lukkupott! Dregið verður mánaðarlega úr nöfnum þeirra sem komast í pottinn.

Vefnum er ristýrt af Gunnari Baldvínssyni, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins og Hrafni Magnússyni, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða.

Mataruppskriftir frá Póllandi

Agata Zajac starfar í Austurbæjarskóla



Kótelettur, kartöflumús og agúrkusalat

4 svínakótelettur
kg kartöflur
4 miðlungs agúrkur
Lítill hvítur laukur
1 egg
3 msk. Hveiti
5 msk. Brauðmylsna
4 greinar af steinselju
1 msk. Smjör
100-150 ml. rjómi
Salt og pipar

Agúrkusalat

Agúrkur afhýddar, skornar í þunnar sneiðar.
Laukur afhýddur, skorinn mjög smátt. Agúrkur settar í skál og lauk, salti og pipar bætt saman við. Látið standa.
Setjið 3 matsk. af rjóma út í agúrkusalatið og blandið vel saman.

Svínakótelettur

Berjið kjötið beggja vegna með kjöthamri. Setjið olíu á pönnu og hitið vel. Setjið á 3 diska, hveiti, hrært egg með smá svörtum pipar og salti og brauðmylsnu á þriðja diskinn. Steikið á pönnu beggja vegna þar til kjötið er orðið gullið á lit.

Kartöflumús

Kartöflur skrældar og soðnar í vatni í 1/2 tíma með dálitlu salti. Merjið soðnu kartöflurnar og

bætið við smjörinu og rjóma. Setjið að lokum smá steinselju yfir kartöflumúsina.

Ostakaka - Sernik

Kökudeig:

1 glas af sykri
Stykki af smörlíki
2 gr vanillu sykur
3 glös af hveiti
2 msk. smjör
3 tsk. Lyftiduft
3 eggjarauður

Kaka: Öllu blandað saman og hnoðað. Deigi skipt í tvennt og pakkað í álpappír og sett í kæli á meðan ostablanda er útbúin.

Dollop ostur

1 kg ostur - feitur hvítur rjómaostur (fæst í Kola-portinu og pólsku búðinni í Breiðholti) má þó nota vengjulegan rjómaost.

1 glas af sykri
2 msk. smjör
4 eggjarauður
1 msk. rifinn sítrónubörkur
2 msk. Kartöflumjöl
7 eggjahvítur

Aðferð við ostablöndu

Osti hnoðað saman við smjörlíki og eggjarauður, hrærið eggjahvítum og sykri saman, afgangi bætt við og blandið varlega saman með sleif.

Takið helming af kökudeigi úr kæli og fletjið út í kökuform smyrjið ostablöndunni yfir og setjið hinn helminginn yfir. Bakist við 170-190° í 1 klst. Slökkvið þá á ofni og látið köku kólna í 10-15 mín.

Epladrykkur -Jablek

4 meðalstór epli
6 tsk. Sykur
Dálítið af kanil
-3 negulnaglar
Afhýða epli og skera í litla bita, látið í 1 lítra af vatni bæta við sykri, kanil og negulnögglum. Sjóðið í um 1 tíma. Láta vatn renna af og kæla í 20 mín. Setjið soðnu eplin í glös.

Verði ykkur að góðu eða.... smaczneho :-)

Kröftugt heimsping PSI



Fulltrúar BSRB á heimspingi PSI voru þau Þuríður Einarsdóttir, Anna Atladóttir, Páll H. Hannesson, Árni Stefán Jónsson, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Ögmundur Jónasson, Vernharð Guðnason og Þórarinn Eyfjörð.

Fulltrúar BSRB á heimspingi PSI voru þau Þuríður Einarsdóttir, Anna Atladóttir, Páll H. Hannesson, Árni Stefán Jónsson, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Ögmundur Jónasson, Vernharð Guðnason og Þórarinn Eyfjörð.

„Þetta var mjög kröftugt þing og það segir sig sjálft að þegar fólk kemur saman úr öllum heimshornum þá beinast sjónir manna helst að þeim sem eiga við mikið andstreymi að stríða,“ sagði Ögmundur Jónasson formaður BSRB um heimsping PSI, alþjóðasamtaka launafólks í almannajónustu. En þingið var haldið í haust í Vínarborg.

„Verkalýðsfélög víða um heim sæta ofsóknum. Þar getum við tekið sem dæmi Kólumbíu, Chad, Palestínu, Burma og Suður-Kóreu. Verkalýðsfélög í öllum þessum löndum eiga undir högg að sækja og mannréttindi eru þar almennt fótum troðin. Fengum við að heyra mörg sláandi dæmi um það.

Menn beindu sjónum sínum sérstaklega að Kólumbíu en þar er hættulegast fyrir verkalýðsfélög að starfa og hefur fjöldi forsvarsmanna verkalýðshreyfingarinnar þar í landi verið myrtur eða hnepptur í varðhald.

Þá setti umræða um markaðs- og einkavæðingu almannajónustunnar svip á þingið en þarna voru mættir ýmsir fræðimenn sem hafa rannsakað afleiðingar markaðsvæðingarinnar. Má þar m.a. nefna Brendan Martin og David Hall en þeir hafa báðir komið til Íslands á vegum BSRB.”

Peter Waldorff var kjörinn framkvæmdastjóri PSI en hann tekur við af Hans Engelberts sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra í aldarfjórðung. Þá var Ögmundur Jónasson endurkjörinn í stjórn samtakanna.



Á myndinni sést Ögmundur Jónasson halda ræðu á þinginu.

Launakjör og kynbundinn launamunur

Könnun fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Framkvæmd og heimtur

Kjara- og þjónustukönnun fyrir félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sem framkvæmd var af Félagsvísindastofnun HÍ og fór fram í febrúar til mars 2007. Í þessu Fréttabréfi kynnum við kjaraþátt könnunarinnar.


Þetta var símakönnun, en Miðlun ehf. sá um úthringingar. Áður en úthringingar hófust var öllum sem lentu í úrtaki sent kynningarbréf en þar var könnun kynnt og óskað eftir að þátttakendur hefðu launaseðil tiltækan þegar hringt yrði því óskað yrði eftir nákvæmum upplýsingum.

Úrtakið var 1.500 félagsmenn, brottfall úr þeim hópi var 183 einstaklingar sem voru annað hvort hættir störfum, fallnir frá eða ekki náðist samband við. Þannig að nettóúrtak var 1.317 þar af gáfu 835 svör en það er 63,4% sem telst gott úrtak og vel marktækt. Þökkum við félagsmönnum fyrir góð viðbrögð.

Þátttakendur í könnun skiptust þannig að konur voru 558 (66,7%) og karlar voru 278 eða 33,3%. Aldur þáttakenda var frá 16 til 77 ára og meðalaldur 46,4 ár. Teljum við skiptingu bæði eftir kyni og aldri þátttakenda endurspeglar vel samsetningu félagsins.


Ekki kom fram marktækur munur á kyni og aldri þeirra sem höfnuðu eða samþykktu þátttöku. Starfsaldur var allt frá 1 mánuði til 52 ára en meðalstarfsaldur 9,2 ár.

Aldursdreifing




Mikil og ójöfn dreifing, jákvætt skekk.


Menntun




Störf



Starfsaldur



Meðalvinnutími



Allir starfsmenn, óháð starfsblutfalli.


Karlar unnu að meðaltali lengri vinnuviku en konur, óháð starfsblutfalli, fengu fleiri unnar yfirvinnustundir greiddar og fleiri óunnar yfirvinnustundir.

Laun félagsmanna


Meðaldagvinnulaun allra 1. febrúar 2007 voru **193.692 kr.** En **220.889 kr.** hjá fólki í fullu starfi. **Meðalheildarlaun** þann 1. febrúar 2007 voru **269.459 kr** en **317.880 kr.** hjá fólki í fullu starfi.

(Heildarlaun eru: Dagvinnulaun, vaktalag, unnin yfirvinna, fastir yfirvinnutimar, fæðisfé, akstursgreiðslur og annað).


Laun eftir aldri




Laun eftir starfsaldri



Laun eftir starfsvettvangi




Laun eftir starfsstétt




Kynbundinn launamunur

Meðallaun fólks í fullu starfi



Hér eru sýnd meðaltal heildarlauna annars vegar og meðaltal dagvinnulauna hins vegar. Það kemur ekki fram marktækur munur á dagvinnulaunum milli kynja en heildarlaun karla eru 33,4% hærri en kvenna.

Samsetning launa




Dagvinnulaun kvenna voru um **80%** heildargreiðslna til þeirra en sambærileg tala fyrir karla var **60%**. Yfirvinna var mun stærri þáttur í heildargreiðslum til karla en til kvenna og átti það bæði við um unna, breytilega yfirvinnu og fastar yfirvinnugreiðslur. Einnig vógu vaktaálag og aðrar greiðslur þyngra í meðalheildargreiðslum karla en kvenna.

Menntun hefur ekki sömu áhrif á heildarlaun karla og kvenna.

	Í fullu starfi		Allir	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Dagvinnulaun	60,3	77,4	60,4	79,1
Föst yfirvinnulaun	15,9	10,9	15,4	9,3
Önnur yfirvinnulaun breytileg	8,3	4,0	8,6	4,1
Akstursgreiðslur	0,3	0,3	0,4	0,4
Vaktaálag	3,2	1,2	3,0	1,1
Fæðisfé	3,5	1,0	3,7	1,1
Annað	8,5	5,2	8,5	5,0
Alls	100%	100%	100%	100%
Meðalheildargreiðsla	377.749	283.047	339.190	238.128

Meðal vinnutími fólks í fullu starfi



Karlar í fullu starfi unnu að meðaltali lengri vinnuviku en konur í fullu starfi, en Jafnframt fengu þeir fleiri yfirvinnustundir greiddar bæði unnar og óútskýrðar yfirvinnustundir.

Leiðréttur kynbundinn launamunur

Aðferð sem notuð er við það að meta hver launamunur kynjanna er eftir að allt það sem hægt er að skýra út frá öðru en kynferði.

Því er spurt:

Hver væri launamunur milli karla og kvenna ef kynin væru á svipuðum aldri, í sambærilegum störfum, og með samsvarandi vinnutíma og menntun?

Leiðrétt er fyrir:


1. Starfsheiti (SAMSTARF) -og starf í 2. veldi
2. Aldur (lífaldur) og aldur í 2. veldi
3. Starfsaldur (mánuðir og ár)
4. Menntun (6 flokkar)
5. Vinnutíma -Heildarvinnutíma - Greiddar unnar yfir vinnustundir.

Leiðréttur kynbundinn launamunur eftir leiðréttingu

Meðal fólks í sambærilegum störfum, með samsvarandi menntun, jafnan vinnutíma og á svipuðum aldri eru:

- Konur að jafnaði með **1,6%** lægri dagvinnulaun en karlar. Þessi munur er ekki marktækur
- Hins vegar eru konur að jafnaði með **16,1%** lægri heildarlaun en karlar í öllu félaginu.
- Kynbundinn launamunur hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar var tekið út sérstaklega og þar var munurinn **14,9%**.

Menntun hefur ekki sömu áhrif á heildarlaun karla og kvenna



Þetta er fyrir tilstilli þess að leiðrétt hefur verið fyrir vixlhrif menntunar og kyns. Menntun hafði ekki sjálfstæð marktæk áhrif á laun í þessu skrefi. Þetta þýðir að kyn hefur miðlað áhrifum menntunar á tekjur í fyrir skrefum.

Úr félagsstarfinu



Haustfundur stuðningsfulltrúa

Fimmtudaginn 4. október var haldinn fræðslufundur hjá stuðningsfulltrúum í grunnskólum Reykjavíkur í félagamiðstöð BSRB að Grettisgötu. Þórkatla Þórisdóttir, flutti bráðskemmtilegt og fræðandi erindi sem hún kallaði „dropinn holar steininn“. Í framhaldi af fyrirlestrinum var unnið í hópum og fjallað um framtíð starfsins og ýmis hagsmunamál stuðningsfulltrúa.



Félagsfundur á Akranesi

Í október síðastliðinn var haldinn félagsfundur fyrir félagsmenn sem starfa á Akranesi. Garðar Hilmarsson formaður St.Rv. kynnti Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar almennt og kynnti svo fyrirkomulag á fulltrúaráðskosningum félagsins og hvatti félagsmenn til þess að bjóða sig fram til trúnaðarstarfa. Valdimar Þorvaldsson sagði frá vinnu vegna endurmats í starfsmatinu. Í lok fundar voru fyrirspurnir um efndir bæjarstjórnar Akraness á því að starfsmenn bæjarins færu yfir á kjarasamning St.Rv. og Reykjavíkurborgar.



Fræðsla fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn

Samstíga til framtíðar

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar býður upp á þjálfun og fræðslu fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn sína. Þriggja daga námskeið sem kallast **Samstíga til framtíðar I og II**.

Á haustönn var boðið upp á 2 grunnnámskeið en haldið verður áfram með þau námskeið eftir áramótin og einnig framhaldsnámskeið. Dagsetningar verða kynntar fulltrúum og trúnaðarmönnum. Skráning á námskeiðin eru á heimasíðu félagsins www.strv.is undir fulltrúaráð.

Samstarf St.Rv. og SFR

St.Rv. og SFR leggja áherslu á að fulltrúum og trúnaðarmönnum bjóðist góð fræðsla og þjálfun sem styrkir þá í hlutverki sínu. Frá árinu 1998 hafa félögin verið í samstarfi um nám og þjálfun fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn og haldið fjölmörg grunn- og framhaldsnámskeið.

Þróun og endurskoðun

Veturinn 2002-2003 var námið tekið til gagnerrar endurskoðunar og uppbygging nýrra námskeiða byggð á ítarlegri þarfagreiningu. Trúnaðarmenn, félagsmenn og atvinnurekendur, sem og forsvarsmenn félaganna, komu með sín sjónarmið og skoðanir sem tekið var tillit til við mótun fræðslumarkmiða.

Fræðslumarkmið

Skipta má þeirri fræðsla og þjálfun sem nauðsynleg er fyrir trúnaðarmenn/fulltrúa í þrjá meginflokkka:

1. Þekking á starfsemi stéttarfélaga.

- Kjarasamningar.
- Réttindi og skyldur trúnaðarmanna skv. lögum.
- Hlutverk trúnaðarmanns.
- Lög og reglugerðir.
- Markvissir fundir og tjáning.
- Þekking á stéttarfélaginu -uppbyggingu þjónustu og verklagi.
- Þjóðfélagslegt hlutverk stéttarfélaga.
- Lífeyrismál.
- Vinnuverndarmál.
- SFR - Stofnanasamningar – samningatækni.
- St.Rv. - Starfsmat og hæfnislaun.

2. Fremstur meðal jafningja – leiðtogaþjálfun.

Þannig hafi trúnaðarmaður/fulltrúi að fræðslu lokinni:

- Styrkt rökhugsun sína og tileinkað sér þau vinnubrögð að skoða mál út frá fleiri en einu sjónarhorni þannig að ákvarðanir hans byggist á raunsæi og dómgreind.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að þekkja eigin mörk og hvenær þörf er á að leita aðstoðar við að leysa mál.
- Lært að setja sér markmið og forgangsraða út frá mikilvægi mála.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vera opinn fyrir nýjum aðferðum við að leysa mál og þekkja aðferðir sem hægt er að beita til að ýta undir skapandi hugsun.
- Tileinkað sér það viðhorf að umburðarlyndi og víðsýni

skipta miklu máli í starfi trúnaðarmannsins.

- Öðlast þekkingu á helstu lykilkáttum samvinnu.
- Fengið góð ráð um hvernig byggja megi upp traust.

3. Samskipti og miðlunarhæfni.

a. Aðstoða: Að trúnaðarmaður hafi tileinkað sér það viðhorf að vandamál eru verkefni til að leysa, hann hugsar í lausnum ekki vandamálum. Hann þarf að hafa tileinkað sér vinnubrögð “málamiðlara” sem eru virk hlustun, skilningur og að skoða mál út frá mismunandi hliðum (hlutverkaleikur). Þá þarf hann einnig að gera sér grein fyrir því að trúnaður og traust (að halda þagnarskyldu) sé mikilvægt í samskiptum trúnaðarmannsins. Og að hann hafi það viðhorf að samskiptavandamál eins og einelti og kynferðisleg áreitni séu ólíðandi á vinnustað.

b. Miðla: Trúnaðarmaður þarf að vera skilmerkilegur og skipulagður í því að miðla upplýsingum (tjáning), hafa tileinkað sér vinnubrögðin finna – vinna – kynna, hafa getu til þess að greina hvaða leiðir eru bestar hverju sinni til að miðla upplýsingum (dreifibréf á vinnustað, tölvupóstur, fundur, auglýsing, grein í fréttabréf félagsins, heimasíða). Einnig þarf hann að hafa tileinkað sér að vera meðvitaður um að hann er gagnkvæmur upplýsingamiðlari milli félagsmanns, stéttarfélags og atvinnurekanda (mæta á fundi trúnaðarmanna, vera í tengslum við skrifstofu/stjórn stéttarfélags og stjórnendur á vinnustað).

c. Hvetja: Að trúnaðarmaður hafi tileinkað sér hvetjandi samskipti við starfsmenn þannig að hann stuðli að virkni og þátttöku félagsmanna. Hann hvetji félagsmenn til að kynna sér réttindi og skyldur, til að afla sér þekkingar, til að sækja námskeið, bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Leiðarljós fræðslunnar - Jákvætt viðhorf og virðing.

Tilgangur fræðslunnar

Að efla fulltrúa/trúnaðarmenn í starfi sínu. Auka virkni þeirra í starfi innan félagsins til hagsbóta fyrir félagsmenn, þannig að hinn almenni starfsmaður verði meðvitaðri um starfsaðstöðu sína, kjör, réttindi og skyldur. Þar með tryggjum við réttlátara og lýðræðislegra samfélag. Með því teljum við auknar líkur á réttlátara og lýðræðislegra samfélagi.

Tvö sameiginleg námskeið

Félögin bjóða sameiginlega upp á tvö námskeið. Grunnnámskeiðið, Samstíga til framtíðar I, sem er kennt með þeim hætti að nemendur hittast í tvo daga, síðan kemur tveggja vikna hlé og svo er hist aftur í einn dag. Framhaldsnámskeiðið, Samstíga til framtíðar II, sem er kennt samfellt í þrjá daga. Áhersla er m.a. lögð á kjarasamninga, upplýsingamiðlun og leiðtogaþjálfun.

Fulltrúaráð St.Rv. 2007-2009



1. DEILD

Aðalfulltrúar:

- | | |
|--------------------------------|-------------------------|
| 1. Ólafur Gísli Reynisson | Visth. barna Laugarásv. |
| 2. Sigurlaug Sigurðardóttir | Skrifstofa borgarstjóra |
| 3. Guðrún Hildur Ingvarsdóttir | Barnavernd Rvk |
| 4. Gerður Magnúsdóttir | Vesturgarður |
| 5. Einar S Guðmundsson | Uppl.t.miðst. |
| 6. Herdís Jóhannsdóttir | Ráðhús Fjárreiður |
| 7. Tómas B. Þorbjörnsson | Ráðhús |
| 8. Sigrún Marinósdóttir | Mannauðsdeild |
| 9. Kjartan G Ingvarsson | Miðgarður |
| 10. Auður Jóhannsdóttir | Mannauðsdeild |

2. DEILD

Aðalfulltrúar:

- | | |
|----------------------------|---------------|
| 1. Margrét Þ Baldursdóttir | Gagnaveita |
| 2. Helgi Pétursson | Vefstjórn |
| 3. Júlíana Guðmundsdóttir | Almannatengsl |
| 4. Ingibjörg Ólafsdóttir | Afgreiðsla |
| 5. Stefán Pálsson | Minjasafn |

3. DEILD

Trúnaðarm.

- | | |
|-------------------------------|----------------|
| Pórdís Björk Sigurgestsdóttir | Faxaflóahafnir |
|-------------------------------|----------------|

4. DEILD

Aðalfulltrúar:

- | | |
|---------------------|----------------------------|
| 1. Anna Árnadóttir | Fs. Fjármáladeild |
| 2. Grétar Bjarnason | Skipulags- og byggingasvið |
| 3. Jón Bergvinsson | Fs. Hverfamiðstöð |

Trúnm.

Magnús A. Sveinsbjörns. Umhverfissvið

5. DEILD

Trúnaðarm.

- | | |
|--------------------------------|----------------|
| Magnús Gunnlaugur Þórarinnsson | Félagsbústöðum |
|--------------------------------|----------------|

6. DEILD

Aðalfulltrúar:

- | | |
|------------------------------|--------------------------|
| 1. Ása Hauksdóttir | Hitt Húsið |
| 2. Sigríð Magnúsdóttir | Skrifstofa ÍTR |
| 3. Þröstur Sigurðsson | Tónabær |
| 4. Guðrún Björk Freysteinsd. | Miðberg |
| 5. Steinunn Grétarsdóttir | Frostaskjól |
| 6. María Vala Friðbergs | Skrifstofa ÍTR |
| 7. Alfreð Alfreðsson | Grafarvogslaug |
| 8. Lárus Haraldsson | Hitt Húsið |
| 9. Lena Hákonardóttir | Fríst.heimili Háteigssk. |
| 10. Jóna Björg Sigurðard. | Tónabær |
| 11. Ólafur H. Hafsteinsson | Miðberg |
| 12. Ottó H. Guðmundsson | Grafarvogslaug |
| 13. Berit Hundstuen | Fjölskyldugarðurinn |

Varafultrúar:

- | | |
|-------------------------------|--------------------------|
| 1. Kristín Gunnarsdóttir | Laugardalur Háaleiti |
| 2. Guðrún S Árnadóttir | Slökkvilið höfuð.sv. bs. |
| 3. Steinvör Laufey Jónsdóttir | Starfsmannaskrifstofa |
| 4. Katrín Yngvadóttir | Símaver Rvk |
| 5. Þorgerður Ernudóttir | Mannauðsdeild |
| 6. Þuríður Bernóusdóttir | Miðgarður |
| 7. Sýlvía Briem | Ráðhús |
| 8. Halldóra Valdimarsdóttir | Ráðhús |
| 9. Bragi Guðmundsson | Framl.eldh. Lindargötu |
| 10. Tinna Hrund Ómarsdóttir | Þjón.mst. Miðborg Hlíðar |

Varafultrúar:

- | | |
|------------------------------|-----------------|
| 1. Ásdís Þorsteinsdóttir | Álestrar |
| 2. Hörður Þorsteinsson | Verkbókhald |
| 3. Magnús B Jónasson | Verkbókhald |
| 4. Ingjaldur Eiddsson | Lóðir og lendur |
| 5. Sveinbjörn Sveinbjörnsson | Framkv.deild |

Varafultrúar:

- | | |
|-------------------------|---------------------------------|
| 1. Sigríður Þórisdóttir | Skipulags- og byggingasvið |
| 2. Björn Olsen | Fs. Skrifst. gatna og eignaums. |
| 3. Þórir Axelsson | Fs. Bílastæðasjóður |

Varafultrúar:

- | | |
|--------------------------------|--------------------------|
| 1. Björn Sævar Baldursson | Vesturbæjarlaug |
| 2. Elísabet Ragnarsdóttir | Frístundah.Hlíðaskóla |
| 3. Auður Guðmundsdóttir | Árbæjarlaug |
| 4. Haraldur E. Ingimarsson | Sundhöllin |
| 5. Erla K. Ólafsdóttir | Frístundah. Engjaskóla |
| 6. Kristjana Benediktsdóttir | Laugardalslaug |
| 7. Unnur Sigþórsdóttir | Fjölskyldugarðurinn |
| 8. Ásdís Jóhannsdóttir | Gufunesbæ |
| 9. Ólafur Benediktsson | Árbæjarlaug |
| 10. Ragnhildur Jóna Þorgeirsd. | Sundhöllin |
| 11. Sigurgeir Birgisson | Gufunesbæ |
| 12. Ísleifur Friðriksson | Siglunes |
| 13. Helgi Bjarnason | Íþr.miðstöð v/Austurberg |



7. DEILD

Aðalfulltrúar:

1. Gunnar R Matthíasson
2. Ólöf R Ámundadóttir
3. Monika M Karlsdóttir

Sjúkrahúsprestur
Sjúkraþjálfun
Endurhæfingarsviði

Varafultrúar:

1. Bryndís Steinsdóttir
2. Bryndís Þorsteinsdóttir
3. Guðný S Kristjánsdóttir

Slysa- og bráðasviði
Myndgreiningarsviði
Ræstingarstjórn

8. DEILD

Aðalfulltrúar:

1. Sæmundur Pétursson
2. Gísli Eiríksson
3. Auður Ingólfsdóttir
4. Henrik Thorarensen
5. Jón Gunnar Sveinsson
6. Georg Erlingsson
7. Jóhann Valgarð Ólafsson
8. Helga Kristín Stefánsdóttir
9. Brynja Bjarnadóttir
10. Bryndís Oddsdóttir
11. Þórunn S Gunnsteinsdóttir
12. Lovísa Guðmundsdóttir
13. Anna Guðbjörg Guðjónsdóttir
14. Þórunn Rut Þorsteinsdóttir
15. Ingibjörg Helgadóttir
16. Fanný Guðbjörg Jónsdóttir
17. Ingibjörg María Karlsdóttir
18. Snæbjörn Erlendsson

Borgaskóli
Ölduselsskóli
Öskjuhlíðarskóli
Langholtsskóli
Austurbæjarskóli
Háteigsskóli
Seláskóli
Rimaskóli
Foldaskóli
Breiðagerðisskóli
Rimaskóli
Safamýrarskóli
Engjaskóla
Árbæjarskóla
Álftamýrarskóli
Leikskólasvið
Brákaborg
Vogaskóli

Varafultrúar:

1. Sólveig Árnadóttir
2. Munda K Jóhannsdóttir
3. Edda Björk Hjörleifsdóttir
4. Björg Þórhallsdóttir
5. Guðrún Halldórsdóttir
6. Guðbjörg H Árnadóttir
7. Dýrleif Jónsdóttir
8. Sigrún Helga Jónsdóttir
9. Gunnhildur Stefánsdóttir
10. Renata Peskova
11. Jóhanna H Jóhannsdóttir
12. Ingibjörg T Sigurjónsdóttir
13. Fabio La Marcia
14. Anna Sigríður Hróðmarsdóttir
15. Guðbjörg Björnsdóttir
16. Ragnhildur Ólafsdóttir
17. Steinunn Þórisdóttir
18. Ingunn Hróðný Guðjónsd.

Öskjuhlíðarskóli
Langholtsskóli
Hvassaleitisskóli
Foldaskóli
Hamraskóli
Fellaskóli
Laugarnesskóli
Foldaskóli
Stakkaborg
Hlíðaskóli
Húsaskóli
Seljaskóli
Grandaborg
Vogaskóli
Hlíðaskóli
Fossvogsskóli
Seláskóla
Hólabrekkuskóla

Trúnm:

Karitas Þórisdóttir

Sæmundarskóli

9. DEILD

Aðalfulltrúar:

1. Jóhannes Gunnarsson
2. Friðrik Róbertsson
3. Ingunn Guðnadóttir
4. Ómar Bjarni Þorsteinsson

Strætó bs
Strætó bs
Strætó bs
Ferðabjón. fatlaðra

Varafultrúar:

1. Guðmundur Ingi Pétursson
2. Sigurbjörn F Halldórsson
3. Úlfur Einarsson
4. Ingólfur Skarphéðinsson

Strætó bs
Strætó bs
Strætó bs
Strætó bs

10. DEILD

Aðalfulltrúar:

1. Einar Ólafsson
2. Dagný Guðmundsdóttir
3. Ragnheiður Blandon
4. Erna Olsen

Borgarbókasafni –
aðalsafni Grófinni
Mínjasafni Rvk.
Árbæjarsafni
Borgarbókasafni
Foldasafni
Borgarbókasafni
Sólheimasafni

Varafultrúar:

1. Björg Atladóttir
2. Guðjón Indriðason
3. Drífa Magnúsdóttir
4. Sólveig Nielsen

Listasafni Rvk.
Hafnarhúsi
Borgarskjalasafni
Reykjavíkur
Höfuðborgarstofu
Uppl.miðstöð
Sjóminjasafni
Reykjavíkur



11. DEILD

Aðalfultrúar:

1. Ármann Pétursson
2. Þorgrímur E Sigurðsson
3. Sigurður H Björnsson
4. Dóra Ketilsdóttir
5. Þórey Sveinbergsdóttir
6. Erla G Sigurðardóttir
7. Elsa Eyjólfsdóttir

Fyrrv. starfsmenn á:

- Slökkvistöð
SVR-
Landspítala H.
Dagvist barna
Landspítala Fossv.
Umsj. Skóla
Gæsluvelli

Varafultrúar:

1. Hilmar Mýrkjartansson
2. Sigurður Svavarsson
3. G. Óskar Jóhannsson
4. Lára Haraldsdóttir
5. Jóhannes Kolbeinsson
6. Magdalena S Ingimundard.
7. Stefán Bjarnason

Fyrrv. starfsmenn á:

- SVR
RR
Framkv.sviði S
Gæsluvelli
Vatnsveitu
R.R.
Byggingaeftirl.m.

12. DEILD

Aðalfultrúar:

1. Ingveldur Jónsdóttir
2. Elsa Jónasdóttir
3. Sesselja Óskarsdóttir
4. Ingibjörg Guðrún Viggósd.
5. Hjálmar Rögnvaldsson
6. Steinunn Gísladóttir
7. Kristín Ármannsdóttir
8. Barbara Davis

Trúnaðarmaður

Valdimar Þorvaldsson

- Grundarskóla
Bæjarskrifstofur
Brekubæjarskóla
Vallarseli
Orkuveita Reykjavíkur
Vallarseli
Grundarskóla
Garðaseli

Varafultrúar:

1. Þorsteinn Óskarsson
 2. Eygló Tómasdóttir
 3. Sigríður Guðmundsd.
 4. Snjólfur Eiríksson
 5. Jóna Adólfsdóttir
 6. Klara Berglind Gunnarsd.
 7. Valgerður Guðbjörnsd.
 8. Margrét Sigurðard.
 9. Indiana Unnarsd.
- Íþróttamiðstöð Jaðarsb.
Fjölbrautarskóli Vesturlands
Sjúkrahús og heilsugæsla
Tækni og Umhverfissvið
Brekubæjarskóla
Sjúkrahús og heilsugæsla
Heimilishjálp
Teigaseli
Teigaseli



Jólaball

**Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og SFR
stéttarfélag í almannapjónustu
halda sameiginlegt jólaball**

**fimmtudaginn 27. desember
kl. 16:00 í Súlnasal Hótel Sögu.**

**Hljómsveit sér um að halda uppi
fjörinu með dansi í kring um jólatréð.**

**Jólasveinar koma í heimsókn.
Nánari upplýsingar um miðasölu verða á
www.strv.is í desember og á skrifstofu
félagsins s. 525-8333,**



Nú er tækifærið... Vertu með í kórnum Söngraddir Reykjavíkur!



Kór starfsmanna Reykjavíkurborgar mun nú hefja sitt ann-að starfsár en áhætt er að segja að kórstarfið hafi farið vel af stað. Kórinn átti miðvikudagskvöldum í Gerðubergi undir styrki stjórnskráráðgjafar Hreinsdóttur, stjórnskráráðgjafar Ingveldar Þrúar, raddtjóngjafar auk þess sem hún hefur komið saman á Ángabólum eina helgi.

Starfsmannalaug sýnir vor meðferð á rum töluleikum Rannsóknunum 19. maí ári sem Jónus Váll, sýngvari og formaður Menntasviðs söng einsöng með kórnum.

Markmið Radda Reykjavíkur er að eða starfsgleði og samkennd meðal starfsmanna borgarstofnana og stilla saman raddir þar állum starfsmönnum.

- > Kórstarfið veitir styrk, samkennd og gleði.
- > Kórstarf undir leiðsögn gæðs stjórnskráráðgjafar er sámenntun sem getur haft áhrif á starfslífi og byggt upp heilbrigðan lífsstíl.
- > Kórþjálfun gefur fleiri ári að auki kostnað að njóta tölulistar, nema tölulist, vera skapandi, bæta áundun, líkamsbeitingu, raddbeitingu og framsögn.

Raddir Reykjavíkur stefna á því að nýja meiri rangri með bættari raddtjónun. Einnig hefur kórinn hug á að koma meira fram og syngja í t.d. fyrir eldri borgara, vinnuþingum

vegum borgarinnar og innan sviðanna, svo fætt eitt sé nefnt. Ókórnum eru ný um 40 fólkar sem starfa á hinum fimm sviðum borgarinnar.

Nýferð sýngurinn að hljóma á ný og fyrsta á Áng verður haldin miðvikudagskvöldið 12. september kl. 20:30 í Gerðubergi. Ekki er gerð krafa um reynslu af kórstarfi eða kunnáttu á töllestri. Fólgaðgjaldið er kr. 5.000.


Nokkur hvatningarorð frá kórleiðgjum...

Á kórstarfið bættir ekki bara gæðslagið heldur rættir á að þar bognum hryggjarliðum og strákum línum innviðum sem eru komnir á tímabæra hvíld. Að koma í lýttur átt af sýng-áýngu kl. 10:30 í suddamykrri með sýl í hjarta er tvímálaus málíkaríni að tekist hefur að endurása gleðihvatana í innkirtlunum.

Aðetta hafa verið alveg yndislegar stundir, og er farin að trýða ív að og geti sungið. hreyta og lag vinnudagsins hverfur eins og dagg fyrir sýlu sýngnum, verð alveg rugglega með fram.

Skráning kórinn er háð á kor@reykjavik.is Nýnari upplýsingar veitir Guðrún Dís Jónatansdóttir, verkefnastjóri í Gerðubergi, s. 575 7706

Verðlaunakrossgáta

		↓	ÆTID BRONG LUMADI		↓	VIRELL BOK- STAFUR	KLAFI HÆKK- UN	↓	ANGRA BAGA YNDI		ÓLMI
				SARS- ALUKI VISKA	1					HITANN V BIRTA	
			KLAKI OTTI HINDRA					ÖRÞIRGD YATNS- EFNI			
			TRE			DRABBI GLAÐI					
SKÍT- LIG	↓	TRYNI HAENIR STERKIR					NATTURA KNÆP- UNNI				HARMA
↳						KLÆD- LEYSI SNEMMA	2		SVAR KONA		
SAMUR RÖÐ SLA				FE- GIRND SKAÐI						FERSK ÆVI- SKEIÐI	V
↳			EÐJA SKAK			ÞDLIST HANI				AKKOF	
			10	HERÐA- SKUGLIÐ PREYTT				'ARNA HAND- LEGG			
SKOÐUN BRASKAR DRYKKIR						GLÖGGI GEISLA- BAUGUR			3		RÖK REIÐI- HLJÓÐ
↳			FEYSKJA DÆLD			SKOÐAR HÓTI			SAR GRÖM		
REIÐI RÖSK				BLÖSKR- AR TÖMAR			9	FAX RAUÐ- LEIT			ELDS- NEYTI
↳			GAURAR KROPP					VÆTA VIÐBÖT			
HÆTTA INNAN				EIRI SNÚINN	5		NÖLDUR BATNA			EINNIG MIKLU	V
↳			FJAR MUNUM HERRA			FLUGL GRIP			SPYJU SKELIN		
TEYGI- AST TRITL		8				ORMAR HRAÐA				6	YFIR- STÉTT- AR
↳			VOFU GÖL					ÖTULAR TÆTTI			
HREDDI HRYÐJA						FLJÓT- LIR OP			PENINGA FLÖKTA		GAGN- LEG
			UT- HVERFA VEIN				HÆG- FARA PIPA			FLAS HVAÐ	
			KONU- NAFN			FÆÐAN	4		HEIT		
↳											
KLISK ERFIÐI	7			VEÐR- ATTA			MIS- TAKAST				

Dregið verður úr réttum lausnum til verðlauna.

Verðlaunin eru val á milli 7.000 kr. greiðslu eða helgardvöl í orlofshúsum félagsins frá 15. september – 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum.

Við skorum á félagsmenn að taka þátt – síðasti móttökudagur á lausnum er 15. desember 2007.